

Matfugl ehf.
Tómas Jónsson
Völudeig 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 20. október 2020
UST202003-309/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit 2020 – þauleldisbú Matfugls ehf. - Hurðarbaki -

Þann 19.8.2020 fór fram eftirlit í þauleldisbúi Matfugls ehf. að Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrla.

Ábending um að merkja þurfi hrægám (sjálfdauðir kjúklingar) í samræmi við kröfur sem Matvælastofnun setur. Eins þarf að upplýsa verktaka um förgunarleiðir.

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Frávakin snúa að skilum á grænu bókhaldi ársins 2019 og útstreymisbókhaldi ársins 2019. Gögn hafa borist og því er frávikunum lokað og engin eftirfylgni verður vegna þeirra.

Virðingarfyllst,

Gottskálk Friðgeirsson

Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrít:
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkursvæðis
og
Matvælastofnun

Suðurlandsbraut 24 +354 591 2000
108 Reykjavík www.ust.is

Fulglid rafnan undirskrift
HALLA EINARSDÓTTIR
Kennitala: 161183-2539
2020-10-15 15:04:00 GMT
Astaða: Undirskrift

Fulglid rafnan undirskrift
GOTTSKÁLK FRÍÐGEIRSSON
Kennitala: 251054-4879
2020-10-15 15:04:47 GMT
Astaða: Undirskrift

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matfugl - Hurðarbak Hurðarbak, Hvalfjarðarsveit



UMHVERFIS
STOFNUN

Dags eftirlits	19.8.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Matfugl - Hurðarbak	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Voluteigur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	471103-2330	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Jónsson	ÍSAT nr.	10.12.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Útstreymisbókhaldi 2019 var skilað of seint. Grænu bókhaldi 2019 var skilað of seint.

Bent var á að merkja þarf hrægám fyrir aukaafurðir dýra í flokki 2 og semja við verktaka um förgun í samræmi við kröfur sem settar eru fram í reglugerð 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

UMFANG EFTIRLITS

Fulltrúi rekstraraðila var Tómas Jónsson en Gottskálk Friðgeirsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili er með starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæðis, 18. desember 2008 og gildir til 18. desember 2020.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Vettvangsferð
2. Fundur
 - a. Aukaafurðir dýra og aökoma UST
 - b. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
 - c. Kröfur í starfsleyfi / farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - d. Umhverfismarkmið
 - e. Mengunaróhöpp og tilkynningar /skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
 - a. Farið var í vettvangsferð hjá Matfugli að Hurðarbaki. Skoðað var haughús sem er sameiginlegt fyrir Melavelli, Móá og Hurðarbak, snyrtilegan olíugeymi, frárennslismannvirki og úrgangsgáma og hrægám. Húsdýraáburði (hænsnaskít) er dreift á land í nágrenni búsins og hafa bændur í dalnum, Leirársveit og Svínadal, leyfi til að sækja sér áburð í haughúsíð. Við dreifingu hænsnaskíts þarf að hafa í huga ekki má menga ferskvatn. Þauleidisbúið er í um 500 metra fjarlægt frá Laxá í Leirársveit og dreifing hænsnaskíts fer fram enn nær. Í grein 2.3 er sérstakt ákvæði um að rekstur búsins megi ekki menga ferskvatn á svæðinu. Rekstraraðili er ábyrgur fyrir dreifingu hænsnaskítsins þótt aðrir sjá um sjálfa framkvæmdina.
 - Umgengni var snyrtileg og ekki eru gerðar athugasemdir við olíugeymi né fráveitumannvirki. Varðandi hrægáminn þá er bent á að sjálfdauður fugl er aukaafurð dýra í flokki 2 (sbr.reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis) og þarf því sérstaka meðferð ef til stendur að urða hræin. Því er mikilvægt að hrægámurinn sé með viðeigandi merkingar sem Matvælastofnun ákveður til leiðbeiningar fyrir flutnings- og förgunaraðila.
 - Skoðaðar voru meindýravarnir en mísagildrur eru víða á búinu. Eins eru net til varnar flugum í loftinntökum.

Frárennslu:

Stórt hreinsivirki með setpróm er neðan búsins. Stíflupjónusta Bjarna ehf. sér um að þjónusta kerfin.

Útblástur:

Ryk, lykt og hávaði hafa ekki verið vandamál á búinu og engar kvartanir borist síðan 2019.

b. Við ákvörðun á tíðni eftirlits með starfsleyfi búsins að Hurðarbaki var áhættumat unnið og búið fékk einkunnina 14 sem þýðir B eða árlegt eftirlit. Við yfirferð á áhættumatinu virtist rekstraraðila mestir möguleikar á að fækka eftirlitum (lægri einkunn) með því að auka þjálfum starfsmanna, vera með ítarlegri verklýsingar og að starfsmenn kvitti fyrir þá þjálfum sem þeir fá. Eins er möguleiki á að taka upp umhverfisstjórnunarkerfi, vottað eða óvottað. Áhættumatið verður endurskoða í haust.

c. Í eftirlitsferðum stofnunarinnar á árunum 2018 og 2019 komu fram fjögur frávik sem öllum hefur verið lokað. Ábending um að sækja þurfi tilmanlega um nýtt starfsleyfi ef áætlað er að halda starfsemi áfram eftir 8. desember 2020 kom fyrst fram í eftirlitsskýrslu árið 2018.

Starfsleyfi búsins byggir á samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir alifuglabú og er leyfður heildarfjöldi eldisstæða allt að 80.000. Fram er komin áætlun um að stækka búið.

Rekstraraðili skal skrá og geyma upplýsingar um þjónustu við mengunarvarnarbúnað, skrá öll mengunaróhöpp og eins skrá magn og gerð spilliefna sem skilað er til viðurkenndra móttökustaða fyrir spilliefni.

Almenn leyfi gera ráð fyrir að fyrir liggi áætlun um nýtingu húsdýraáburðar, áætlun um frágang svo alifuglum, úrgangi, efnum, búnaði, tækjum, húsnæði, geynum, lögnum og menguðum jarðvegi sé ráðstafað á viðurkenndan hátt skv. neyðaráætlun um meðhöndlun alifugla.

Skila á útstreymisbókhaldi sbr. rg. nr. 990/2008 , grænu bókhaldi sbr. rg. nr. 851/2002. Skiladaga þeirra er 1. maí ár hvert.

Útstreymisbókhald barst 19. ágúst sl. Það er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Grænt bókhald barst 4. september sl. Það er frávik frá kröfum í starfsleyfi.

d. Rætt var um umhverfismarkmið og hvernig má nýta þau í þjálfun starfsmanna. Með mælanlegum markmiðum er hægt að fylgjast með árangri og er hvetjandi ef allir starfsmenn eru upplýstir og vinna saman að því að ná markmiðum fyrirtækisins. Bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið var til umfjöllunar.

e. Skráning olíugeyma/mengunaróhöpp
Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Eyðublaðið; 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma var afhent í eftirliti og óskað eftir að olíugeymar sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni yrðu skráðir.

Rekstraraðili hefur sent útfyllta skýrslu til stofnunarinnar.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald fyrir 1. maí ár hvert.

Grænt bókhaldi fyrir 2019 barst 4. september sl. og fráviku er því lokað.

ákvæði í reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald og skila því til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert.

Útstreymisbókhald 2019 barst 19. ágúst sl. og fráviku er því lokað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent var á að merkja þarf hrægám fyrir aukaafurðir dýra í flokki 2 og semja við verktaka um förgun í samræmi við kröfur sem Matvælastofnun gerir til dýrahræja í flokki 2.

ANNAÐ


Eyðublaðið; 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma var afhent í eftirliti og óskað eftir að olíugeymar sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni yrðu skráðir.

Rekstraraðili hefur sent útfyllta skýrslu til stofnunarinnar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.10.2020


Gottskálk Friðgeirsson

bls. 4